

## ÍSLANDBANKI HF.

A3 | 90 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt

## EINKUNN

Íslandsbanki fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar með 90 stig af 100 mögulegum. Endar bankinn í flokki A3.

## UFS NIÐURSTÖÐUR


	Vægi	Stig	Einkunn
<b>Umhverfisþáttur</b>	11.0%	96	A2
E.1 Visthagkvæmni	5.0%	94	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	6.0%	98	A1
<b>Félagsþáttur</b>	25.0%	94	A2
S.1 Starfsumhverfi	7.0%	100	A1
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	18.0%	92	A2
<b>Stjórnarhættir</b>	64.0%	88	A3
G.1 Almennir stjórnarhættir	9.0%	100	A1
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	23.5%	89	A3
G.3 Vörur og þjónusta	31.5%	83	B1

## STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM


Íslandsbanki stendur sig afburða vel í UFS mati Reitunar og vinnur áfram að krafti við að auka við sjálfbærni í allri starfsemi og gengur sú vinna vel. Stjórn Íslandsbanka samþykkti nýja sjálfbærnistefnu í lok árs 2019 og bankinn setur skýr og mælanleg sjálfbærnimarkmið til ársins 2025 og fleiri undirmarkmið fyrir árið 2022. Aðkoma stjórnar og stjórnenda að sjálfbærnitengdum málum er virk og eru nú sjálfbærnimælikvarðar hluti af árangursmælikvörðum stjórnenda. Sjálfbærniáhætta er áfram skilgreind sem hluti af áhættuvilja bankans og sýnir það áherslu bankans á sjálfbærni í allri sinni starfsemi.

Einn af stærri áhættuþáttum fyrir fjármálafyrirtæki er hvernig UFS þættir eru innleiddir inn í eignastýringa- og lánastarfsemi og vinnur bankinn áfram vel að því. Bankinn hefur skuldbundið sig að vinna eftir viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN PRB) og gerir hann slíkt. Bankinn leggur áherslu á sjálfbærni í eignasafni og hefur birt fyrstu mælingar á kolefnisspori eignasafnsins í samræmi við PCAF. Hann vinnur áfram að markmiði sínu um að UFS áhættumeta fyrirtæki í lánasafni og að auka við hlutfall sjálfbærra fyrirtækjalána. Bankinn hefur fjármagnað sig með bæði sjálfbærum og grænum skuldabréfaútgáfum og birt áhrifaskýrslu um hvernig fjármagni sé ráðstafað til sjálfbærra verkefna. Íslandssjóðir, dótturfélag bankans, hafa verið aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) síðan 2017 og áfram vel er hugað að sjálfbærni í starfseminni allri. Sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka snúa meðal annars að því að sjálfbæru vöruframboði og bjóða þeir upp á slíkt. Nú hefur hann bætt við sjálfbærum innlánsreikningi og mælitæki í snjallforriti bankans um kolefnisfótspor fyrir viðskiptavini.

## SAMANBURÐUR



## UFS EINKUNNADREIFING



Fjármálafyrirtæki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Vel er staðið að upplýsingaöryggi og er bankinn með vottun í samræmi við ISO27001:2013. Viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið er almennt metin vera í góðum farvegi, en gagnrýni í kjölfar sölu Bankasýslunnar á hlutum ríkisins í bankanum hefur mögulega haft áhrif á orðspor bankans, traust og trúverðugleika. Bankinn stendur vel að mannauðsmálum og sýna vinnustaðagreiningar almennt háa starfsmannaánægju. Bankinn bætti sig í umhverfisþáttum milli ára. Eigin rekstur bankans hefur verið kolefnisjafnaður frá 2019 en á síðasta ári var það eingöngu gert með vottuðum kolefniseiningum í fyrsta skiptið. Áfram vinnur bankinn að metnaðarfullu markmiði um ná kolefnishlutleysi í allri starfsemi fyrir árið 2040. Bankinn er góð fyrirmynd fyrir innlendan markað og fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar.

## SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Íslandsbanki er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum greiningu hjá Reitun (fjöldi um 35). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 70 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. Íslandsbanki fær 90 stig sem er mesti fjöldi UFS stiga sem Reitun hefur gefið að svo stöddu. Er bankinn í flokki A3 ásamt tveimur öðrum rekstraraðilum.

## Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.